



ÁR S S K Ý R S L A   Á T V R   2 0 1 0

 VÍN BÚÐIN

# EFNISYFIRLIT

Frá forstjóra .....	4
Heildarstefna .....	7
Framkvæmdaráð .....	8
Skipurit .....	9
Framúrskarandi þjónusta .....	11
Skemmtilegur vinnustaður .....	12
Samfélagsleg ábyrgð .....	14
Hagkvæmni .....	16
Markmið og árangur .....	17
Vínbúðir ársins .....	18
Umhverfismál .....	21
Ársreikningur 2010 .....	25
Skýrsla og áritun forstjóra .....	26
Áritun endurskoðenda .....	27
Rekstrarreikningur árið 2010 .....	28
Efnahagsreikningur 31. desember 2010 .....	29
Sjóðstreymi árið 2010 .....	31
Skýringar .....	32
Sundurliðanir .....	36

# FRÁ FORSTJÓRA

Rekstur ÁTVR gekk betur á árinu en áætlanir gerðu ráð fyrir og er rekstrarárið eitt það besta í sögu fyrirtækisins þrátt fyrir samdrátt í sölu. Mikil hagræðing ásamt dugnaði starfsfólksins á drjúgan þátt í að svo vel hefur tekist til. Þrátt fyrir lækkun launa og erfiðar aðstæður hafa allir lagst á áramnar og í sameiningu náð þeim árangri sem hér kemur fram. Ég vil sérstaklega þakka starfsfólkinu fyrir þennan góða árangur.



Sterkt samband er á milli sölu á áfengi og kaupmáttar almennings. Á góðæristímanum jókst áfengissalan stöðugt samfara auknum kaupmætti. Þá hélst verð á áfengi ekki í hendur við verðlagsþróun og raunverð á áfengi fór lækkandi. Nú hefur dæmið snúist við. Samdráttur var í sölu áfengis, annað árið í röð. Árið 2009 nam samdrátturinn um 2,1% og árið 2010 var hann um 5,1%. Fram að þessum tíma hafði verið stöðug söluaukning í langan tíma eða frá árinu 1996, um 5–6% að meðaltali.

Í alþjóðlegum samanburði er neysla áfengis á mann á Íslandi með lægsta mótí. Kaupmáttur almennings hefur farið minnkandi og áfengisverð hefur hækkað vegna óhagstæðs gengis og hærri áfengisskatta. Þá er eðlilegt að salan dragist saman. Aðrar þjóðir líta öfundaraugum á stöðu mála á Íslandi því rannsóknir staðfesta að minni áfengisneysla þýðir minni skaðsemi vegna misnotkunar áfengis í samfélaginu og lýðheilsa batnar. Svipaða sögu má segja um tóbakið en sala á tóbaki hefur dregist verulega saman að undanfögnu.

Út frá áfengispólitísku sjónarmiði er það hið besta mál ef minni sala endurspeglar

raunverulega minnkun í neyslu. Íslensk áfengisstefna gengur m.a. út á að takmarka eða draga úr neyslu á áfengi vegna þess að minni áfengisneysla hefur í för með sér betra heilsufar þjóðarinnar með minni kostnaði fyrir samfélagið. Eins merkilegt og það kann að hljóma er samdráttur í sölu ekki sérstakt áhyggjuefni fyrir ÁTVR. ÁTVR er nefnilega ekki eins og venjulegt fyrirtæki á markaði. ÁTVR er ekki háð því að hámarka hagnað með því að selja sem mest. Starfsfólk ÁTVR hefur engan persónulegan ávinning af því að auka sölu. Ríkisrekin einkasala er eitt besta tæki stjórnvalda sem völ er á þegar um er að ræða vöru sem getur verið mjög skaðleg heilsu sé hennar neytt í óhófi.

*Á árinu var víða unnið að endurbótum á húsnæði og sérstaklega var hugað að vellíðan og starfsaðstöðu starfsfólksins ásamt betra aðgengi fyrir viðskiptavinum. Gott dæmi um þetta er að fimm Vínbúðir á landsbyggðinni voru endurnýjaðar og þeim breytt í sjálfsafgreiðsluverlanir.*

Ef minnkandi sala hjá ÁTVR endurspeglar minni áfengisneyslu er það ágætt fyrir þjóðfélagið allt. En ef málið er skoðað frá

öðrum sjónarhornum blasir við annar veruleiki.

Nú má greinilega sjá ákveðnar breytingar í sölu áfengis eftir vöruflokkum vegna þess hve skattar á áfengi hafa hækkað mikið. Áfengisgjald er lagt á í þremur flokkum, bjór, léttvíni og sterku áfengi. Við hækkanir á áfengisgjaldi að undanfögnu hefur verið farin sú leið að hækka alla flokka um sama hlutfall. Við það hefur munur á verði sterkra drykkja annars vegar og bjórs og léttvins hins vegar sífelld aukist. Afleiðingar þessa má sjá í sölutölum ÁTVR. Á árinu 2010 var heildarsamdráttur í áfengissölu rúmlega 5%. Samdráttur í sölu á sterku áfengi var hins vegar um 12,5%, sem er mun meira en meðaltalið.

Sérstakar áhyggjur vekur þó að samdráttur í vöðkasölu var um 20%. Mat ÁTVR er að um 1% af vöðkasölu færast yfir á bjór

þannig að umframsamdráttur í vöðka er verulegur. Sala á vöðka á árinu var um 330 þús. lítrar og áfengisgjald á lítra er 3.781 kr. Áætlað sölutap er því um 23.430 lítrar sem hefðu skilað um 88,5 milljónum króna í áfengisgjald.

Áhyggjuefnið er í sjálfu sér ekki tapað áfengisgjald vegna minnkandi sölu. Óeðlilegt er að ætla að vöðkaneysla dragist miklu meira saman en neysla á öðru sterku áfengi. Leiða má að því líkur að vöðkasalan sé í einhverjum mæli að færast frá ÁTVR. Skattlagningin á sterkt áfengi virðist vera komin að þölmörkum og hætta er á að salan færast frá ÁTVR í hendur smygjara og bruggara. Þegar lítur út fyrir að neysla á bruggi og smygli sé farin að aukast aftur.

Fyrir hrúnið voru Íslendingar með fullar hendur fjár. Áfengisverð fylgdi ekki verðlagsþróun, varð sífelld ódýrara samhliða því að kaupmáttur almennings jókst. Enda jókst salan hjá ÁTVR frá ári til árs. Góðu fréttirnar voru þær að við þessar aðstæður nenntu fáir að brugga og landi var nánast ófánlegur. Nú virðist sem brugg og smygli sé farið af stað aftur. Við þurfum því að vera sérstaklega á varðbergi og passa upp á unglíngana okkar því unga fólk er markhópur bruggaranna. Sölumenn þeirra spyrja ekki um lágmarksaldur. Hættan er líka sú að þegar neðanjarðarsölukerfið er einu sinni komið í gang aukist líkur á að eiturlyf og annar óþverri fari þar í gegn og í hendur unglínganna.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu er mikilvægt að sýna ytrasta aðhald í rekstri og huga jafnframt að líðan starfsfólks. ÁTVR hefur að undanfögnu hagrætt mikið í rekstrinum. Vínbúðum hefur verið fækkað og endursamið um

leiguverð. Yfirleitt leigir ÁTVR húsnæði fyrir Vínbúðirnar og á því auðvelt með að laga sölukerfið að þróun í ytra umhverfi. Á árinu var víða unnið að endurbótum á húsnæði og sérstaklega var hugað að vellíðan og starfsaðstöðu starfsfólksins ásamt betra aðgengi fyrir viðskiptavinum. Gott dæmi um þetta er að fimm Vínbúðir á landsbyggðinni voru endurnýjaðar og þeim breytt í sjálfsafgreiðsluverlanir. Við þá breytingu verður vinnuálag á starfsfólk minna og störfín léttari auk þess sem ánægja viðskiptavina eykst með betra aðgengi að vörunum.

Á árinu var haldin hér á landi ráðstefna norrænu áfengiseinkasalanna en einkasölur með svipuðu sniði og á Íslandi eru reknar í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum. Samvinna milli landanna á þessu sviði hefur aukist mikið á undanfögnu árum en samanlagt reka fyrirtækin á annað þúsund áfengisverslanir. Mikil þekking er því innan fyrirtækjanna á rekstri vínbúða og ómetanlegt fyrir ÁTVR að sækja reynslu og þekkingu til annarra þjóða sem eru með svipað fyrirkomulag. Sérstök áhersla er lögð á samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjunni og þar er ÁTVR virkur þátttakandi. Á næsta ári verður haldin enn stærri ráðstefna á Íslandi en þá hittast auk Norðurlandþjóðanna fulltrúar frá Bandaríkjunum og Kanada en þar eru víða reknar áfengiseinkasölur.

*Ívar J. Arndal*

Ívar J. Arndal

# VÍNBÚÐIN HEIÐRUN



# HEILDARSTEFNA

## TILGANGUR

Að stuðla að bættri lýðheilsu með því að framfylgja stefnu stjórnvalda í áfengis- og tóbaksmálum.

## LEIÐARLJÓS

Ábyrgari neysla áfengis.

## STEFNA

Við ætlum að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.

## ÁHERSLUR

### VIÐSKIPTAVINIR

- Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og uppfylfum væntingar hans.
- Þjónusta okkar einkennist af lipurð, gagnsæi og hlutleysi og við leggjum áherslu á að fræða viðskiptavini.
- Vöruúrval okkar er áhugavert og fjölbreytt og byggir á gæðum og ábyrgð.

### SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

- Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og stuðlum þannig að ábyrgri notkun áfengis.
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu og leitumst við að bjóða eingöngu vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélagið.
- Við viljum láta gott af okkur leiða og vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.

### HAGKVÆMNI

- Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi í öllu okkar starfi.
- Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð.
- Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar.

### MANNAUÐUR

- Við viljum að vinnustaðurinn sé lífandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.
- Við viljum að starfsfólk njóti virðingar og að öll aðstaða og umgjörð geri því kleift að sinna starfi sínu á sem bestan hátt.
- Við leggjum áherslu á að starfsfólk fái tækifæri til að auka þekkingu sína og hæfni og geti þannig mætt væntingum viðskiptavina um framúrskarandi þjónustu.

# FRAMKVÆMDARÁÐ

# SKIPURIT

Sigrún Ósk Sigurðardóttir


Ívar J. Arndal

Sveinn Víkingur Árnason

Einar S. Einarsson



Stefna Vínbúðanna er að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja landsins og þekktar fyrir samfélagslega ábyrgð.



Skipurit fyrirtækisins er sett upp þannig að það dragi fram kjarnaþætti starfseminnar, innkaup, dreifingu og sölu. Í nokkur ár hafa starfað þverfaglegir verkefna- og umbótaþópar og eru þeir orðnir fastir liðir í skipulagi fyrirtækisins. Hóparnir vinna að fyrirfram skilgreindum verkefnum og starfa til lengri eða skemmri tíma. Alls störfuðu átta verkefnaþópar og tveir umbótaþópar á árinu með þátttöku 25 starfsmanna frá mismunandi sviðum og starfsstöðvum.

# VÍNBUÐIN HVOLSVELLI

# FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

Við setjum viðskiptavininn í öndvegi og leggjum metnað í að uppfylla væntingar hans. Þjónusta okkar einkennist af lipurð, gagnsæi og hlutleysi og áherslu á að fræða viðskiptavini. Vöruúrval okkar er áhugavert og fjölbreytt og byggist á gæðum og ábyrgð.

## Fræðandi upplifun

Þemadagar Vínbúðanna, þar sem áherslan er á mataruppskriftir og vín sem hentar með matnum, hafa notið mikilla vinsælda meðal viðskiptavina okkar á undanförunum árum. Í júní var áherslan á sumarlegar grilluppskriftir en desemberveislan snerist að þessu sinni um hátíðlega rétti með fuglakjöti. Gefnir voru út bæklingar sem viðskiptavinir gátu nálgast í Vínbúðunum en að auki birtust uppskriftirnar í *Vínblaðinu*. Allar uppskriftir eru aðgengilegar á uppskriftavef okkar á [vinbudin.is](http://vinbudin.is). Ekki voru gefin út ný smárit á árinu en áður útgefin smárit um kokteila, osta, smárétti, fisk, villibráð og eftirrétti njóta mikilla vinsælda og eru alltaf aðgengileg í næstu Vínbúð.

*Vínblaðinu* er dreift í Vínbúðunum og hefur skapað sér fastan sess hjá viðskiptavinum. Blaðið er gefið út í fjórum tölublöðum á ári og er þetta áttunda árið sem blaðið kemur út. Meginefni *Vínblaðsins* er vöruskrá Vínbúðanna en auk þess eru í blaðinu fréttir af starfsemi, greinar um samfélagslega ábyrgð af ýmsu tagi og margvíslegur fróðleikur tengdur mat og víni. Allt útgefið efni má nálgast á [vinbudin.is](http://vinbudin.is).

## Vinbudin.is

Með opnun vefverslunar á [vinbudin.is](http://vinbudin.is) gefst landsmönnum tækifæri til að panta vörur og fá sendar í hvaða Vínbúð sem er, án endurgjalds. Með þessu hefur vöruúrvalið stóraukist, sérstaklega hjá viðskiptavinum landsbyggðarinnar þar sem Vínbúðir eru almennt með minna vöruúrval en Vínbúðir höfuðborgarsvæðisins. Lögð hefur verið áhersla á öflugna vöruleit þar sem hægt er að leita eftir matarflokkum, geymslumáta og uppruna auk hefðbundinna þátta eins og heiti, vörunúmeri, verði, landi og þrúgu svo eitthvað sé nefnt. Þessu til viðbótar er nú einnig hægt að leita eftir því sem er nýtt í vöruúrvali í hverjum mánuði, vörum sem eru tímabundið í sölu eins og t.d. jólabjór, vörum sem eru lífrænt vottaðar og gjafavörum. Á vefnum eru einnig ítarlegar upplýsingar um afgreiðslutíma Vínbúðanna auk þess sem þar er að finna margvíslegan fróðleik um mat og vín (þar með taldar allar uppskriftir sem birst hafa í *Vínblaðinu* og á þemadögum).

## Ánægðir viðskiptavinir

Íslenska ánægjuvugin mælir ánægju viðskiptavina hjá 25 íslenskum fyrirtækjum í sjö atvinnugreinum. Vínbúðirnar hlutu hæstu einkunn fyrirtækja á smásölumarkaði í mælingunni fyrir árið 2010. Þetta er í þriðja sinn sem Vínbúðirnar eru hæstar í flokki fyrirtækja á smásölumarkaði en Vínbúðirnar hafa verið þátttakandi í Íslensku ánægjuvuginni frá árinu 2003. Þegar litið er til allra fyrirtækja voru Vínbúðirnar í öðru sæti, sem er besti árangur frá upphafi. Við erum stolt af árangrinum og getum fullyrt að viðskiptavinir Vínbúðanna eru á meðal ánægðustu viðskiptavina landsins.

Auk Íslensku ánægjuvogarinnar eru gerðar þjónustukannanir þar sem viðskiptavinir gefa þjónustu í þeirri Vínbúð sem þeir versluðu í síðast einkunn. Jafnframt er spurt um vöruúrval, viðmót og þekkingu starfsfólks. Niðurstaða þessara kannana gefur greinargóða mynd af þjónustu hvernar Vínbúðar og væntingum viðskiptavina og er höfð til hliðsjónar við breytingar. Má nefna að afgreiðslutími í minnstu Vínbúðunum hefur verið lengdur um tvær klukkustundir á föstudögum til að koma til móts við óskir viðskiptavina. Almennt vilja viðskiptavinir sjálfsafgreiðslu frekar en afgreiðslu yfir borð eins og tíðkast hefur í minnstu Vínbúðunum. Á árinu var fimm Vínbúðum, í Búðardal, á Hvolsvelli, Seyðisfirði, í Vík og Þorlákshöfn, breytt í sjálfsafgreiðslubúðir. Áfram verður haldið á þessari braut í þeim Vínbúðum þar sem enn er afgreitt yfir borðið, þegar aðstæður leyfa.



## Samvinna við birgja

Samstarf og samvinna við birgja er mikilvægur þáttur þegar kemur að vöruvali og framkvæmd vöruvalsstefnu. Reglulega er fundað með birgjum en auk þess eru gerðar tvær viðhorfskannanir á ári þar sem birgjum gefst kostur á að koma á framfæri viðhorfum til fyrirtækisins og fjölmargra þátta sem snerta samskipti og upplýsingagjöf. Birgjar hafa aðgang að sérstöku vefsvæði þar sem þeir geta nálgast margvíslegar upplýsingar um þær vörur sem þeir hafa í sölu auk fréttar og tilkynninga. Á undanförunum árum hefur ferli umsókna um nýjar vörur og verðbreytingar verið einfaldað og geta birgjar nú breytt verði rafrænt í gegnum birgjavef.

# SKEMMTILEGUR VINNUSTAÐUR

Við viljum að samskipti starfsfólks séu jákvæð og uppbyggjandi. Með góðum og opnum samskiptum er unnið að skilvirku samstarfi í fyrirtækinu. Við viljum að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð. Jákvætt viðhorf er lykillinn að því að vinna sé skemmtileg. Við viljum að starfsfólk njóti virðingar. Við viljum að starfsfólk njóti þess að þróa fyrirtækið þannig að það þjóni viðskiptavinum sem best.

## Þjónusta og samskipti

Á árinu 2009 var þjónustustefna fyrirtækisins endurskoðuð. Gildin okkar, LIPURÐ – ÞEKking – ÁBYRGÐ, og stefna fyrirtækisins um að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki sem þekkt er fyrir samfélagslega ábyrgð voru höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu. Leitað var til fjölmargra starfsmanna sem allir voru boðnir og búnir að leggja verkefninu lið til að gera þjónustustefnuna sem besta. Ný þjónustustefna var kynnt í ársbyrjun 2010 með útgáfu bæklinga um framúrskarandi þjónustu. Stefnan er grunnur framúrskarandi þjónustu og jákvæðra samskipta og er ætluð öllu starfsfólki óháð starfsstöð. Stjórnendur heimsóttu flestar starfsstöðvar og ræddu stefnuna við starfsfólk.



LIPURÐ

ÞEKking

ÁBYRGÐ

Gildin eru grundvöllur og órjúfanleg heild þjónustustefnunnar. Til að minna okkur á mikilvægi framúrskarandi þjónustu var á haustmánuðum haldin sérstök

þekkingarvika. Margt var til gamans gert, m.a. var haldin æsispennandi spurningakeppni, Vínpunktur, þar sem starfsstöðvar kepptu sín á milli bæði í almennum fróðleik og vínfræðum. Hápunktur vikunnar var útgáfa á veglegri *Vínhandbók* sem starfsfólki var færð að gjöf. Í bókinni er yfirgripsmikill fróðleikur um öll grundvallaratriði vínfræðslu og verður bókinn í framtíðinni notuð sem kennsluefni í Vínskólanum. Efni bókarinnar var tekið saman af vísérfræðingum og hefur hún vakið mikla athygli og ánægju. Markmiðið er að halda áfram á sömu braut og halda einnig sérstakar vikur til að minna á gildin lipurð og ábyrgð.

## Fræðsla

Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk hugi að þekkingu sinni og geti svarað öllum spurningum viðskiptavinarins af fyllsta öryggi. Til að styrkja starf fræðslu- og starfsþróunar var ráðinn starfsmaður í fullt starf til að sinna þessum verkefnum. Öll fræðsla er innan vébanda Vínskólans en þar eru árlega haldin fjölmörg námskeið sem gefa starfsfólki kost á að efla þekkingu sína og færni. Starfsfólki er skylt að sækja ákveðinn fjölda námskeiða árlega til að auka og viðhalda þekkingu. Öllu starfsfólki er t.d. gert að sækja grunnnámskeið í vínfræðum innan sex mánaða eftir að það hefur störf. Það

sama gildir um tímavinnufólk en þar eru tímamörkin 12 mánuðir. Fjölmörg stutt námskeið um afmörkuð viðfangsefni, svokölluð fræðsluskot, eru í boði fyrir starfsfólk. Þessi námskeið eru nýlunda hjá Vínskólanum og voru tekin upp að ósk starfsfólks í kjölfar vinnu umbótahóps um endurskoðun fræðslumála árið 2009. Námskeiðin hafa notið mikilla vinsælda og í mörgum tilfellum hefur þurft að endurtaka þau þar sem færri hafa komist að en vildu. Vísérfræðingar heimsækja einnig Vínbúðirnar árlega og fræða starfsfólk um mest seldu vínin. Auk þess er birgjum gefinn kostur á að kynna sín vín með reglulegum heimsóknum í Vínbúðir og á kynningum fyrir starfsfólk í upphafi þemadaga.

Einn virtasti vínskóli heims, WSET í London, hefur viðurkennt Vínskóla Vínbúðanna sem hæfan til kennslu á efni sínu, svokölluðu „Advanced“ námskeiði. Vínbúðirnar hafa nú innan sinna vébanda vísérfræðinga sem búa yfir þekkingu til að annast alþjóðlega viðurkennd námskeið í þeim tilgangi að bjóða upp á hágæða menntun og starfsþjálfun í öllu er viðkemur borðvíninum og eimudum drykkjum. Nú starfa níu starfsmenn sem vinnráðgjafar Vínbúðanna og hafa allir lokið þessari alþjóðlegu gráðu frá WSET.

## Starfsánægja

Í kjölfar margra ára rannsóknastarfs hefur *The Gallup Organization* skilgreint 13 lykilsurningar, svokallaðar kjarnaspurningar. Hafa rannsóknir fyrirtækisins leitt í ljós að þeir starfsmenn sem gefa kjarnaspurningunum hæstu einkunn eru ánægðari, tryggari, veita betri þjónustu og eru afkastameiri en þeir starfsmenn sem gefa spurningunum lægri einkunn. Capacent Gallup framkvæmdi árlega vinnustaðagreiningu sem byggist á kjarnaspurningunum auk þess að fá fram skoðanir starfsfólks á fjölmörgum öðrum þáttum sem snúa að rekstri og samskiptum. Heildarmeðaltal kjarnaspurninga hækkaði á milli ára og er nú 3,99 sem er jafnframt hæsta einkunnin á þeim þremur árum sem Capacent Gallup hefur framkvæmt könnunina.

Staðhæfingarnar „Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi mínu“, „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu hjá Vínbúðunum (ÁTVR)“ og „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“ komu best út og er niðurstaðan sambærileg eða betri en einkunn þeirra sem eru í topp 30%. Þær staðhæfingar sem komu lakast út voru „Einhver í vinnunni hvetur mig til að þróast í starfi“ og „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður minn eða vinnufélagi rætt við mig um frammistöðu mína í starfi“. Þessar spurningar eru í hópi þeirra spurninga sem almennt fá lökustu einkunn hjá starfsfólki íslenskra fyrirtækja. Í þessum hópi er einnig spurningin „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“ en hún var í lakasta hópnum árið áður. Ánægjulegt var að sjá að einkunnin hækkaði talsvert á milli ára sem bendir til þess að hvatning til starfsfólks um að vera duglegt að hrósa hvert öðru hafi skilað árangri. Alltaf eru tækifæri til að gera betur og í kjölfar vinnustaðagreiningarinnar var niðurstaðan kynnt fyrir starfsfólki. Starfsfólk stærri Vínbúða fékk sérstaka kynningu á niðurstöðum sinnar Vínbúðar og samanburð við sambærilegar starfsstöðvar. Þannig gafst starfsfólki tækifæri til að ræða niðurstöðuna og



Vinhandbókin var gefin út í nóvember 2010.

leiðir til úrbóta. Samhliða vinnustaðagreiningu var framkvæmt yfirmannamat og fengu allir yfirmenn sem hafa mannaforráð fleiri en fimm starfsmanna kynningu á niðurstöðunni. Þannig er litið á að vinnustaðagreining og kynning á niðurstöðunum sé mjög mikilvægt tæki til að ná fram umbótum með markvissum aðgerðum til að efla starfsánægju.

## Fróðleikur og félagslíf

*Flöskuskeytið*, fréttablað starfsfólks, var gefið út í fimm tölublöðum á árinu og er það áttunda árið í röð sem blaðið er gefið út. Blaðið, sem birtir fjölbreytt efni, bæði fréttir og fróðleik, er sent heim til starfsfólks en myndir af fjölbreyttu félagslífi er líklega vinsælasta efnið. Vefritið *Pelinn* var gefið út í nokkrum tölublöðum og er það góð viðbót við aðra miðla til að upplýsa starfsfólk í stuttu máli um það helsta sem er á döfinni og snýr að starfsemi fyrirtækisins. Fréttir eru birtar nánast daglega á Ásgarði, innri vef fyrirtækisins. Auk þess er þar m.a. að finna margvíslegan fróðleik, nytsamlegar upplýsingar og handbækur.

Margir atburðir í félagslífinu eru unnir í nánú samstarfi við starfsmannafélag ÁTVR. Má þar nefna fjölskylduhátíðina Sumarsprell, árshátíð og jólagleði sem almennt eru best sóttu viðburðir ársins. Auk þess stóð starfsmannafélagið fyrir fjölbreyttri dagskrá, má þar nefna bingó, pókerkvöld, sjóstangveiði, indverskt matreiðslunámskeið undir stjórn Yesmine Olsson og Halló-vín hátíð.

## Ársverk

Alls fengu 638 starfsmenn greidd laun á árinu. Fastráðið starfsfólk er um 200. Umreiknað í ársverk voru þau 288 en voru 301 árið áður. Í heildina hefur ársverkum fækkað um 4,4%.


# SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Við störfum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og viljum stuðla að jákvæðri vinnmenningu með ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju.

BÍDDU HÉR  
ÞANGAÐ TIL  
ÞÚ ERT ORÐIN  
20 ÁRA

Á okkur hvílir sú skylda að ganga úr skugga um að viðskiptavinir hafi aldur til að kaupa áfengi. Á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á skilríkjaeftirlit. Í meginatriðum er skilríkjaeftirlit Vínbúðanna tvíþætt:

- *Hulduheimsóknir frá utanaðkomandi aðilum í stærri Vínbúðum. Að meðaltali eru þrjár heimsóknir í mánuði í hverja Vínbúð þar sem kannað er hvort ungt fólk á aldrinum 20–25 ára sé spurt um skilríki þegar það verlar.*
- *Í öllum Vínbúðum er fylgst með því hversu oft er spurt um skilríki í hlutfalli við heildarafgreiðslufjölda.*



Má biðja þig að biðja aðeins  
- bara þangað til þú verður 20 ára

Vínbúðunum eru sett markmið varðandi báða þessa þætti og eru þeir hluti af frammistöðumati Vínbúðanna. Mikil áhersla og fræðsla hefur átt sér stað á undanförunum árum til að efla og auka færni starfsfólks þegar kemur að skilríkjaeftirliti. Niðurstaðan er birt mánaðarlega og þannig er hægt að fylgjast með árangrinum og leita leiða til úrbóta sé þess þörf. Ánægjulegt er að sjá að markmið um 75% árangur í hulduheimsóknum náðist á árinu. Á árinu 2011 er markmið sett á 83%.

Fræðsla hefur ekki eingöngu verið beint að starfsfólki heldur líka viðskiptavininum sjálfum. Með auglýsingum í sjónvarpi, útvarpi, blöðum, tímaritum og á netinu hafa ungir viðskiptavinir verið

hvattir til að sýna skilríki að fyrra bragði þegar þeir hafa náð aldri en að öðrum kosti biðja. Í auglýsingunum „*Biðdu – hafðu skilríkin meðferðis*“ gerir ungur drengur tilraun til að kaupa áfengi en er sagt á mjög kómískan hátt að biðja þar til hann verði tvítugur. Auglýsingarnar, sem fyrst voru birtar 2009, hafa fengið góðar viðtökur og finnur starfsfólk Vínbúðanna mikla breytingu á því hve ungt fólk er tilbúna með skilríki þegar það verlar.

Ásamt því að vinna beint að forvarnarstarfi hefur ÁTVR lagt metnað sinn í að starfa með þeim aðilum sem vinna að forvörnum. Má þar nefna áralangt samstarf við Umferðarstofu um auglýsingaferðir þar sem megináherslan er á að áfengi og akstur eiga aldrei samleið. Fyrirtækið hefur einnig tekið þátt í því að styrkja hin ýmsu mannúðar- og forvarnarmál sem tengjast neyslu vímuefna og fyrirbyggjandi starfsemi. Á árinu styrkti ÁTVR ásamt Forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar rannsókn *Rannsóknar og greiningar* við Háskólann í Reykjavík sem byggðist á svörum framhaldsskólanema og ætlað er að skoða umhverfis- og félagslegt samhengi fyrstu ölvunar ungmennanna. Niðurstöðurnar verða birtar á fyrri hluta ársins 2011.

## Norrænt samstarf

Árið 2008 hófu Norrænu áfengiseinkasölnurnar Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasæla Landsins í Færeyjum og ÁTVR samstarf er varðar siðferðislegar grundvallarreglur í aðfangakeðjunni. Sameiginlegt markmið áfengiseinkasalanna er að auka sjálfbærni í greininni með því að koma á fót samnorrænum siðareglum um innkaupasamninga frá 1. janúar 2012. Í desember 2010 sóttu Alko og Systembolaget um aðild að BSCI (*Business Social Compliance Initiative*) sem eru samtök með aðsetur í Brussel um samfélagslega ábyrgð. Einkasölnurnar tvær munu nota aðferðafræði BSCI til að stuðla að samfélagslegri ábyrgð í aðfangakeðjum sínum. Hinar þrjár einkasölnurnar (Vinmonopolet, ÁTVR og Rúsdrekkasæla Landsins) munu ekki sækja um aðild að BSCI að sinni en munu þó fylgja siðareglum þess og allar fimm einkasölnurnar munu ætlast til þess af birgjum sínum að þeir fylgi reglunum. Siðareglurnar byggjast á tíu meginreglum samfélagsábyrgðar á heimsvísu samkvæmt *Global Compact*. Reglurnar njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og byggjast á:

- *Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna*
- *Yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarreglur og réttindi í starfi*
- *Ríó-yfirlýsingu um réttindi og skyldur ríkja gagnvart umhverfinu*
- *Sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu*

*Global Compact* hvetur fyrirtæki til þess að taka upp, styðja við og framfylgja ákveðnum grunngildum er varða mannréttindi, vinnurétt, umhverfismál og baráttuna gegn spillingu.

Fylgni við siðareglur („Code of Conduct“) er mikilvæg vegna þess að viðskiptavinir og reyndar samfélagið allt gerir kröfu um að fyrirtæki tryggi að vörur sem það selur séu framleiddar við viðunandi aðstæður og í samræmi við alþjóðasamþykktir.

ÁTVR hefur kynnt verkefnið fyrir birgjum sem hafa tekið því afar vel en stefnt er að því að meginreglurnar tíu verði hluti af samningi milli ÁTVR og birgja. Stefnt er að því að breyttir samningar taki gildi á árinu 2011.

HAFÐU  
SKILRÍKIN  
MEÐFERÐIS



# HAGKVÆMNI

Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi í öllu okkar starfi. Við förum vel með verðmæti og notum auðlindir af ábyrgð. Við leitum stöðugt nýrra leiða til þess að bæta rekstur okkar.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins. Þetta er samantekt á áhrifum fjárfestinga og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins. Þetta er samantekt á áhrifum fjárfestinga og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins. Þetta er samantekt á áhrifum fjárfestinga og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

**Hagnaður og sölutölur**

Hagnaður ÁTVR var 1.333 m.kr. árið 2010 en var við 1.375 m.kr. árið 2009. Rekstrartekjur ársins voru 25.365 m.kr. Tekjur af sölu áfengis voru 17.022 m.kr. og jukust um 0,3% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um 0,8% á milli árána 2009 og 2010 og voru 8.294 m.kr.

Rekstrargjöld námu 24.071 m.kr., þar af var vörunotkun 21.573 m.kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1.425 m.kr. eða 5,6% en var 5,5% á fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu var 36,6% sem er frábær árangur og umfram væntingar.

Alls voru seldir 18,9 milljón lítrar af áfengi sem er um 5% minna magn en árið áður. Mest var selt af lagerbjór eða 14,8 milljón lítrar. Í einstökum vöruflokkum var annað árið í röð mikill samdráttur í blönduðum drykkjum eða tæp 28% og í ókrydduðu brennivíni og vodka var samdrátturinn tæp 20% á milli ára.

**Hagkvæmur rekstur**

Í samræmi við markmið um hagkvæman rekstur var farið í aðgerðir til að hagræða í rekstri. Má þar nefna að með markvissri markmiðasetningu um afköst starfsfólks, þ.e. seldir lítrar á unna klst., náðist áframhaldandi sparnaður í launakostnaði. Sumarafleysingar voru í lágmarki á öllum starfsstöðum. Í samræmi við fyrirmæli stjórnvalda voru frá 1. janúar 2010 lækkuð laun þeirra starfsmanna sem höfðu hærri laun en 400 þúsund, akstursstyrkir voru afnumdir og greiðslu dagpeninga breytt. Markvisst var unnið að hagræðingu í birgðamálum sem skilaði umtalsverðum sparnaði í birgðahaldi. Fleiri málaflokkar, t.d. fræðslumál, útgáfa og orkunotkun, voru endurskipulagðir með hagkvæmni í huga.

**Vínbúðir**

Í árslok rak ÁTVR 48 Vínbúðir, þar af 13 á höfuðborgarsvæðinu. Engin ný Vínbúð var opnuð á árinu en Vínbúðinni á Hellu var lokað í kjölfar breytinga á leiguhúsnæði búðarinnar sem ekki hentuðu starfseminni. Auglýst var eftir nýju húsnæði en ekkert hentugt rými bauðst. Vínbúðin á Hvolsvelli var flutt og breytt í sjálfsafgreiðslu um svipað leyti og Eyjafjallajökull minnti rækilega á sig. Auk þess voru Vínbúðirnar í Búðardal, á Seyðisfirði, í Vík

og Þorlákshöfn endurnýjaðar á árinu, ýmist í sama húsnæði eða fluttar um set og breytt í sjálfsafgreiðslu. Lokið var við breytingar á Vínbúðinni Heiðrúnu sem hófust árið 2009 og Vínbúðin á Selfossi var stækkuð og endurnýjuð. Vínbúðirnar voru báðar opnar meðan á framkvæmdunum stóð og sýndu starfsfólk og viðskiptavinir verkefninu mikla þolinmæði þrátt fyrir mikið rask og óþægindi.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

**Umbóta- og verkefnahópar**

Alls störfuðu 10 umbóta- og verkefnahópar á árinu. Umbóta-hópum er ætlað að fjalla um ákveðin afmörkuð verkefni og skila tillögum til úrbóta. Á árinu skilaði umbótahópur tillögum um skipulag, aðgengi og vöruval minni Vínbúða. Umbótahópur sem vann að gerð stofnsamnings við birgja í stað vörukaupsamnings fyrir hverja einstaka vörutegund skilaði tillögum.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Verkefnahópum er hins vegar ætlað að starfa allt árið og fjalla um ákveðin viðfangsefni. Eftirfarandi verkefnahópar störfuðu á árinu: innra markaðsstarf, útgáfa *Vínblaðsins* og vinbudin.is, smökkun, vöruflæði, árangursstjórnun, vöru ráð áfengis sem hefur það hlutverk að hafa umsjón með vöruvali Vínbúðanna, vöruvalsnefnd tóbaks og verkefnahópur sem fjallar um vöru- og umbúðakröfur. Hóparnir eru skipaðir starfsfólki frá mismunandi sviðum og starfsstöðvum, allt eftir viðfangsefni. Alls tóku um 25 starfsmenn þátt í starfi hópanna. Almennt má segja að verkefnahópar stuðli að betri samskiptum, skilvirkara vinnulagi og ekki sist aukinni þekkingu starfsfólks á starfsemi fyrirtækisins.

# MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Árlega eru sett mælanleg markmið um mikilvæga þætti í rekstrinum. Í samræmi við stefnu og aðgerðir ársins eru mælikvarðar rýndir og endurmetnir í lok hvers árs. Aðgerðir, markmið og árangur er kynntur starfsfólki bæði á innri vef og í fréttabréfi til starfsfólks.

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Í árslok 2008 voru unnar áætlanir til þriggja ára, þ.e. fyrir tímabilið 2009–2011. Markmiðin eru:

- Að vera í hópi fremstu þjónustufyrirtækja á Íslandi.*
- Að vera þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð.*
- Að vera í hópi 30% bestu fyrirtækja landsins í starfsánægjukönnun Capacent Gallup.*
- Að árleg arðsemi eigin fjár verði a.m.k. 7% án aðgerða sem stuðla að aukinni sölu.*
- Að heildaránægja í birgjakönnun verði yfir 4,2 af 5 mögulegum.*
- Að vera í fremstu röð í samanburði við áfengiseinkasölu á Norðurlöndunum hvað varðar lykilmælikvarða í rekstri.*

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Flokkur	Áhersla í stefnukorti	Mælikvarðar	Markmið	Árangur
Samfélagsleg ábyrgð	Öflug samfélagsleg ábyrgð	Hulduheimsóknir – ungt fólk spurt um skilríki	75%	75%
Viðskiptavinir	Nútímaleg ímynd í takt við væntingar	Íslenska ánægjuvogin	65	70,7
	Ánægja viðskiptavina og birgja	Ánægja viðskiptavina – Íslenska ánægjuvogin	68	73,1
		Ánægja viðskiptavina – stærri Vínbúðir mælt á Vínbúð (meðaltal)*	4,4	4,3
		Ánægja viðskiptavina – minni Vínbúðir mælt á Vínbúð (meðaltal)*	4,4	4,3
Einkenni þjónustunnar	Þekkt fyrir lipra þjónustu	4,35	4,6	
Fjármál	Skýr ábyrgð auðlinda	Afköst í Vínbúðum, lítrar á unna klst.* <p>Veltuhraði áfengis*</p> Rekstrarkostnaður sem hlutfall af sölu án vsk.* <p>Óskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu*</p>	56 <p>15</p> 4,62% <p>0,06%</p>	59 <p>14,3</p> 3,93% <p>0,04%</p>
Innri ferlar	Bæta upplýsingaflæði <p>Innri þjónusta</p> Skýrar leikreglur og gagnsæi	Nægar upplýsingar – SFR-könnun <p>Góð innri þjónusta eininga</p> Hlutleysi gagnvart birgjum	3,7 <p>4,2</p> 3,4	4,3 <p>4,3</p> 3,4
	Bæta rekstrarþekkingu	Hlutfall stærri Vínbúða sem fá 8,5 eða hærra (af 10 mögulegum) í markaðseinkunn <p>Hlutfall minni Vínbúða sem fá 8,5 eða hærra (af 10 mögulegum) í markaðseinkunn</p>	80% <p>65%</p>	94,7% <p>75,5%</p>
Mannauður	Efla starfsánægju og samvinnu	Ánægja í starfi* <p>Starfsfólk vinnur sem ein heild</p> Fjarvistir vegna veikinda sem hlutfall af unnum klst.* <p>Hrós</p>	4,32 <p>3,70</p> 4,50% <p>3,65</p>	4,18 <p>3,88</p> 2,77% <p>3,61</p>
	Efla þjónustuþekkingu	Góð þekking á þeirri þjónustu sem Vínbúðirnar veita	4,30	4,27
	Þróun mannaúðs	Tækifæri til að læra og þróast í starfi	3,95	3,89

\* Skilgreindir lykilmælikvarðar

Þessi skýrsla fjallar um áhrif fjármálaástanda og fjárfestinga á vaxningu og vaxningu íslenskrar efnahagskerfisins.

Eftirfylgni stjórnenda hefur orðið auðveldari með innleiðingu sérstaks forrits sem heldur utan um markmið og mælingar. Markvisst var unnið að því að mánaðarlegir mælikvarðar uppfærðust sjálfkrafa til að auðvelda aðgengi og áreiðanleika gagna. Í hverjum mánuði er stjórnendum send staða helstu mælikvarða. Á árinu var unnið að innleiðingu á skorkorti Vínbúðanna. Verslunarstjórar munu frá janúar 2011 fá stöðu mælikvarða mánaðarlega en fram að þeim tíma hafa Vínbúðirnar fengið niðurstöðu mælikvarða sinnar Vínbúðar og samanburð við Vínbúðir í sama stærðarflokki þrisvar á ári.

Hér eru birt helstu markmið. Niðurstaða ársins er góð og markmið náðust í mörgum tilfellum. Þar sem markmiðin náðust ekki voru lágmarksviðmið uppfyllt.

# VÍNBUÐIR ÁRSINS

Vínbúðunum eru sett mælanleg markmið, meðal annars um afköst, þjónustustig, skilríkjaeftirlit, veltuhraða og rýrnun. Markmiðin taka mið af stærð Vínbúðanna og er þeim skipt í tvo flokka, stærri og minni. Í flokki stærri búða eru Vínbúðir sem hafa fleiri en 500 vörutegundir í sölu en í minni flokknum eru Vínbúðir þar sem vöruúrvalið samanstendur af 300 eða færri vörutegundum. Á hverju ári er starfsfólk þeirra Vínbúða sem ná bestum árangri verðlaunað og hlýtur Vínbúðin auk þess nafnbótina Vínbúð ársins. Á árinu 2010 náðist frábær árangur og var Vínbúðin í Mosfellsbæ hlutskörpust í flokki stærri Vínbúða en Vínbúðirnar á Flúðum, Húsavík og Siglufirði voru sigurvegarar í flokki minni Vínbúða. Allar Vínbúðirnar fengu einkunnina 10 sem er frábær árangur en slíkur árangur hefur aldrei náðst fyrr. Vínbúðirnar á Akureyri, í Ólafsvík og á Seyðisfirði tóku miklum framförum á árinu og hlaut starfsfólk þeirra Vínbúða einnig sérstaka viðurkenningu.

## VÍNBUÐIN SIGLUFIRÐI

Frá vinstri: J. Ómar Möller og Eygló Möller.



## VÍNBUÐIN FLÚÐUM

Frá vinstri: María Magnúsdóttir, Anne Mie Nilsen og Katrín Ösp Emilsdóttir.

## VÍNBUÐIN HÚSAVÍK

Frá vinstri: Margrét Þórhallsdóttir, Steinunn Jónsdóttir og Sigrún Óladóttir.

## VÍNBUÐIN MOSFELLSBÆ

Frá vinstri: Hanna Guðjónsdóttir, Svanborg Björnsdóttir, Snorri Þorsteinn Davíðsson, Dýrfinna Sigurðardóttir, Alda Sigrún Ottósdóttir, Friða Margrét Sigvaldadóttir og Svala Gestsdóttir.

# VÍNÞÚÐIN SKÚTUVOGI



# UMHVERFISMÁL

ÁTVR hefur sett sér eftirfarandi markmið í umhverfismálum:

- Að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum.
- Að efla umhverfisvitund og áhuga starfsmanna á mikilvægi umhverfismála, t.d. með fræðslu.
- Að leggja áherslu á heilsusamlegt, snyrtilegt og öruggt vinnuumhverfi svo að starfsfólki líði vel við vinnu.
- Að endurnota og endurvinna það sem fellur til í rekstri eins og hægt er en farga öðru á viðeigandi hátt og lágmarka umhverfisspjöll.
- Að nýta orku og aðföng sem best, kaupa frekar vöru og þjónustu aðila sem eru umhverfissvottaðir eða fylgja umhverfisstefnu.
- Að auka samfélagslega vitund um umhverfismál, t.d. um endurnýtingu umbúða og með því að vera sýnileg.

## Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum ÁTVR hefur að mestu verið horft til starfseminnar á höfuðborgarsvæðinu. Tölurnar ættu að gefa greinargóða mynd af umhverfisþáttum þar sem langstærsti hluti starfseminnar er á höfuðborgarsvæðinu. Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif fyrirtækisins annað hvert ár. Í þeim tilfellum sem samanburður er gerður á milli ára verður miðað við árið 2008. Samanburður á milli ára er í flestum tilfellum hagstæður, hvort heldur sem miðað er við umfang starfseminnar eða magn úrgangs. Í ársbyrjun 2011 var stofnaður umbótahópur sem hefur það markmið að gera tillögur að nýrri umhverfisstefnu, grænum mælikvörðum og aðgerðum til úrbóta með það að markmiði að gera enn betur í umhverfismálum.


## ORKUNOTKUN

Höfuðstöðvar ÁTVR ásamt dreifingarmiðstöð og Vínþúðinni Heiðrúnu eru á Stuðlahálsi. Þar er orkuvöktunarkerfi sem stýrir m.a. loftræstikerfi, kyndingu og snjóbræðslukerfi. Rafmagnsnotkun er tengd toppálagskerfi sem slær út greinum til að halda notkun innan marka (144 kW) og hefur það markmið verið óbreytt í mörg ár þrátt fyrir að dreifingarmiðstöðin hafi verið stækkuð árið 2008 og Vínþúðin Heiðrún stækkuð á árinu. Í stærri Vínþúðum er almennt loftræstikerfi sem vinnur á blöndun inni- og útilofts og er stýrt eftir hitastigi í búð. Í sumum Vínþúðum er einnig rakastýring. Við lýsingu eru almennt notaðar flúr-, gló- og halógenperur.

Almennt er húsnæði ÁTVR kynt með heitu vatni. Hitunarkostnaður á eigin húsnæði ÁTVR var 4,8 m.kr. Á Stuðlahálsi er öflugt snjóbræðslukerfi í plani við dreifingarmiðstöð, við inngang á skrifstofu og við Vínþúðina Heiðrúnu.

